

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 4.6.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Erla Bjarnadóttir, Gunnólfur Sveinsson, Bergur Jónmundsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Sigvaldi Þór Einarsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Erindi á Orkuveitu Húsavíkur

Á milli funda var samþykkt að senda erindi á Orkuveitu Húsavíkur þar sem óskað var eftir því að Orkuveitan yrður bakhjarl félagsins. Búið er að taka erindið fyrir hjá Orkuveitunni og var afgreiðslu þess frestað til næsta fundar.

Lagt fram.

2. Styrkir vorannar til deilda

Komið er að því að úthluta styrkjum til deilda félagsins samkvæmt úthlutunar reglum aðalstjórnar. Fyrir aðalstjórn liggja drög að úthlutun samkvæmt úthlutunarreglum.

Aðalstjórn samþykkir úthlutunina í samræmi við drögin og felur framkvæmdastjóra að greiða til deilda samkvæmt þeim.

3. Ársreikningur Völsungs fyrir árið 2023

Heildar tekjur samstæðunnar voru 131.837.187 kr. og voru heildar gjöld 126.711.897 kr. Hagnaður samstæðunnar Völsungs nam 6.716.731 kr á árinu 2023 eftir fjármagnsliði. Vaxtatekjur voru 2.129.885 kr. og vaxtagjöld voru 538.444 kr. Eignir nema 64,6 milljónum króna og er eginfjárlutfall félagsins 92% í árslok 2023.

Niðurstaða fyrir hverja deild fyrir sig var eftirfarandi:

Aðalsjóður: hagnaður uppá 102.450 kr.

Knattspyrna meistaraflokkar: hagnaður uppá 1.910.229 kr.

Knattspyrna yngri flokkar: hagnaður uppá 260.380 kr.

Sunndeild: tap uppá 50.180 kr.

Fimleikadeild: hagnaður uppá 770.131 kr.

Gönguskíðadeild: hagnaður uppá 724.122 kr.

Öldungablað/almenningssblað: hagnaður uppá 2.799.485 kr.

Blað meistaraflokkur: tap uppá 444.505 kr.

Blað yngri flokkar: tap uppá 237.729 kr.

Bocciadeild: hagnaður uppá: 103.356 kr.

Bardagaþróttadeild: hagnaður uppá 794.066 kr.

Almenningssíþróttadeild: hagnaður uppá 68.270 kr.

Aðalstjórn samþykkir ársreikninginn fyrir sitt leiti.

4. Fundargerð HSB frá 128. stjórnarfundum.

Fundurinn fór fram 30. maí síðastliðinn í vallahúsinu, félagsaðstöðu Völsungs. Fundargerðin er í 8 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Aðalfundur Völsungs

Aðalfundur Völsungs verður fimmtudaginn 20. júní. Fundurinn verður auglýstur á fésbókarsíðu og heimasíðu Völsungs. Einnig verður fundurinn auglýstur í Skránni.

Fundi slitið: 18:15

